
298. Anna Kolbrún Árnadóttir (Indlæg)

Forseti. Ég vil byrja á því að þakka nefndinni fyrir að taka þetta málefni til meðferðar og fyrir mjög fínar umræður hér í dag. Í Lýðskólum hljóta nemendur menntun og fræðslu og þeir verða víðsýnni og læra að horfa á hlutina frá mismunandi sjónarhornum. Það skiptir máli í dag. Þeir geta lært eitthvað nýtt, jafnvel sérhæft sig á ákveðnu sviði, fræðst um heiminn og ekki síður fræðast þeir um sjálfa sig og aðstæður samnemenda sinna. Lýðskólarnir eru þáttur í símenntun og dvölin í öðru norrænu landi eykur skilning og samkennd með norrænum vinum okkar. Þess vegna er líka mikilvægt að auðvelt sé að ganga í lýðskóla í norrænu landi utan heimalands og einn þáttur í því er að upplýsingar og fræðsla um dvöl í lýðháskóla sé aðgengileg og að einstakir námsmenn geti sótt styrki, t.d. frá Nordplus-áætluninni fyrir fullorðna, sem við köllum Nordplus-voxen. Tillagan stuðlar að því að auka samkennd Norðurlandabúa og að markmiðinu um að Norðurlönd verði samþættasta svæði heims. Þess vegna styður flokkahópur miðjumanna tillöguna.

Skandinavisk oversættelse:

Ärade president. Jag vill börja med att tacka utskottet för att ha tagit upp den här frågan och för den mycket fina debatten som vi har haft här i dag. Studerande på folkhögskolor får utbildning, tar del av kunskaper, får ett bredare perspektiv och lär sig att se frågor från olika håll. Det är viktigt i dagens samhälle. De kan lära sig något nytt eller till och med skaffa sig specialkunskaper i något ämne, öka sina kunskaper om världen och inte minst om sig själva och sina medstudenter. Folkhögskolorna är en del av fortbildningen, och genom att uppehålla sig i ett annat nordiskt land kan man öka förståelsen och samhörigheten med våra nordiska vänner. Därför

är det också viktigt att man utan svårigheter kan studera på en folkhögskola i ett annat nordiskt land än sitt eget, vilket bland annat innebär att information och kunskaper om folkhögskolestudier måste vara tillgängliga och att varje studerande måste kunna söka stipendier, t.ex. från Nordplus Vuxen-programmet. Förslaget syftar på att öka samhörigheten mellan nordborna och att nå målet om att göra Norden till världens mest integrerade region. Mittengruppen ställer sig därför bakom förslaget.

Information

Tal nummer

298

Typ

Indlæg

Person

[Anna Kolbrún Árnadóttir](#)

Speaker role

Mittengruppens talesperson

Datum

30.10.19 17:42